

**Greining á námsferli heyrnarlausra
og heyrnarskertra nemenda við
24 ára aldur**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti : skýrslur og álitserðir
Júní 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-82-3

Heyrnarskertir nemendur og námslok við 24 ára aldur

Samantekt

Hagstofa Íslands hefur gert úttekt á námsferli og námslokum 65 heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda miðað við 24 ára aldur. Nemendurnir eru fæddir á árunum 1979-1985. Alls höfðu 62 nemendur stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla. Þeir þrír nemendur, sem ekki höfðu stundað nám á Íslandi voru allir búsettir erlendis á þeim árum þegar þeir hefðu átt að vera í framhaldsskóla. Alls höfðu 45 nemendur brautskráðst úr einhverju námi við 24 ára aldur, eða 69,2%. Þar af höfðu 42, eða 64,6% hópsins lokið framhaldsskólastiginu. Alls höfðu 33 lokið stúdentsprófi og þar af höfðu 8 lokið fyrstu háskólagráðu. Þá höfðu 5 lokið sveinsprófi, þar af hafði einn lokið iðnmeistaraprófi. Af þeim 17 sem höfðu stundað nám á Íslandi en ekki lokið námi voru þrír enn í námi við 24 ára aldur.

Inngangur

Niðurstöður byggðar á nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands hefur gert úttekt á nemendum og námslokum heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda á Íslandi að beiðni menntamálaráðuneytisins. Úttektin miðast við 65 nemendur sem eru fæddir árin 1979-1985. Kennitölur nemendanna koma frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Skoðuð er skráning nemenda í nemendaskrá Hagstofu Íslands og námslok samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands til 24 ára aldurs. Niðurstöður úttektarinnar eru bornar saman við sambærilegar upplýsingar um alla nemendur fædda árið 1982, en árið 2008 gaf Hagstofan út hefti í ritröðinni Hagtíðindi með upplýsingum um námsgengi þessa árgangs.

Nám er flokkað samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Í flokkuninni tekur framhaldsskólastig, ISCED stig 3, við af grunnskóla. Margir nemendur bæta við sig námi að loknu framhaldsskólastigi. Nokkrir taka nám á viðbótarstigi, ISCED stigi 4, en þar fellur nám að loknu framhaldsskólastigi sem ekki er á háskólastigi. Að loknu stúdentsprófi halda flestir áfram námi á háskólastigi, ISCED stigi 5. Nánari upplýsingar um flokkunina má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Úttektarhópurinn

65 heyrnarskertir eru í þessum árgöngum og af þeim hafa þrír búið erlendis

Af þessum 65 heyrnarskertu nemendum hafa þrír búið erlendis á þeim árum þegar þeir hefðu annars verið í framhaldsskóla (tafla 1).

Tafla 1. Hópur heyrnarskertra fæddra 1979–1985

	Alls	Karlar	Konur	Alls %	Karlar %	Konur %
Heildarfjöldi heyrnarskertra í úttekt	65	29	36	100,0	100,0	100,0
Fæddir erlendis	6	3	3	9,2	10,3	8,3
Erlendir ríkisborgarar	1	0	1	1,5	0,0	2,8
Búsettir erlendis öll aldursárin 16-24 ára	3	0	3	4,6	0,0	8,3
Látnir	0	0	0	0,0	0,0	0,0

Skýringar: Tveir úr hópnunum flytja til útlanda fyrir 16 ára aldur og ein er fyrst skráð inn í landið eftir 24 ára aldur.

Yfirlit yfir námsferil úttektaþópsins

69,2% hafa lokið einhverju námi


Alls hafa 95,4% úrtakshópsins stundað nám á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands (tafla 2) en sambærileg tala fyrir 1982 árganginn var 94,8%. Af 65 nemendum í úttektinni hafa 62 stundað nám á Íslandi ofan grunnskóla (mynd 1). Þeir þrír nemendur sem ekki hafa stundað nám á Íslandi voru allir búsettir erlendis á þeim árum þegar þeir hefðu átt að vera í framhaldsskóla. Þegar allt er talið hafa 45 nemendur lokið einhverju námi samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands, eða 69,2% hópsins. Sambærilegt hlutfall fyrir 1982 árganginn var 62,1%. Allir þeir sem hafa lokið einhverju námi hafa lokið námi á framhaldsskólastigi og 1,5% hafa einnig lokið námi á viðbótarstigi, þ.e. námi sem bætt er við nám á framhaldsskólastigi. Alls hafa 12,3% árgangsins lokið námi á háskólastigi við 24 ára aldur, sem er lítið eitt hærra tala en hjá 1982 árganginum. Ekki er hægt að leggja saman hlutfall þeirra sem hafa lokið námi á hverju skólastigi fyrir sig, þar sem sumir hafa lokið námi á fleiri en einu stigi. Rúmlega einn af hverjum fjórum (26,2%) eða 17 manns, hafa verið í námi en ekki lokið því. Sambærileg tala fyrir 1982 árganginn var 32,8%.

Tafla 2. Námsferill heyrnarskertra fæddra 1979–1985

	Alls	Karlar	Konur	Alls %	Karlar %	Konur %
Heyrnarskertir alls	65	29	36	100,0	100,0	100,0
Hafa stundað nám samkvæmt nemendaskrá	62	29	33	95,4	100,0	91,7
Alls útskrifaðir til 24 ára aldurs	45	18	27	69,2	62,1	75,0
Ekki með neina útskrift við 24 ára aldur	20	11	9	30,8	37,9	25,0
Útskrifaðir með próf af framhaldsskólastigi	45	18	27	69,2	62,1	75,0
Útskrifaðir með próf af viðbótarstigi	1	0	1	1,5	0,0	2,8
Útskrifaðir með próf af háskólastigi	8	0	8	12,3	0,0	22,2

Skýringar: Úr nemendaskrá eru taldir allir nemendur sem hafa stundað nám ofan grunnskóla á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Mynd 1. Staða heyrnarskertra við 24 ára aldur



Konur eru mun líklegri til að hafa lokið einhverju námi

Allir nemendur í úttektinni sem voru búsettir á Íslandi hafa stundað nám að loknum grunnskóla á Íslandi. Þrjár af hverjum fjórum konum (75,0%) hafa lokið einhverju námi en samsvarandi hlutfall meðal karla er 62,1%. Alls hafa 8 nemendur lokið háskólaprófi við 24 ára aldur, allt konur.

Karlar eru líklegri til að ljúka starfsnámi en konur

Sumir nemendanna hafa brautskráðst af fleiri en einni námsbraut. Brautskráningar eru því fleiri en brautskráðir nemendur. Tafla 3 sýnir yfirlit yfir brautskráningar hópsins. Brautskráningar úr bóknámi eru tæplega helmingur allra brautskráninga á framhaldsskólastigi, sem er lægra hlutfall en hjá 1982 árganginum. Kynjaskiptingin er svo til jöfn, þar sem helmingur brautskráninga karla er úr bóknámi og tæplega helmingur brautskráninga kvennanna. Það ólíkt því sem er hjá 1982 árganginum, þar sem mun hærra hlutfall kvenna en karla lýkur stúdentsprófi. Helmingur brautskráninga karlanna er úr starfsnámi en þriðjungur brautskráninga kvennanna. Í úttektahópnum ljúka hlutfallslega fleiri konur starfsnámi en í 1982 árganginum.

Tafla 3. Brautskráningar heyrnarskertra við 24 ára aldur

	Alls	Karlar	Konur	Alls %	Karlar %	Konur %
Brautskráningar alls	70	22	48	100,0	31,4	68,6
Brautskráningar af framhaldsskólastigi	61	22	39	100,0	36,1	63,9
Par af brautskráningar úr bóknámi	34	11	23	100,0	32,4	67,6
Par af brautskráningar úr starfsnámi	27	11	16	100,0	40,7	59,3
Brautskráningar af viðbótarstigi	1	0	1	100,0	0,0	100,0
Brautskráningar af háskólastigi	8	0	8	100,0	0,0	100,0

Skýringar: Brautskráningar eru fleiri en brautskráðir nemendur þar sem sumir hafa brautskráðst oftari en einu sinni. For-starfsnám er talið með starfsnámi.

Flestir útskrifast í fyrsta skipti árið við 20 ára aldur


Fyrsti nemandinn útskrifaðist 16 ára

Fyrsti nemandinn í hópnum kom fram í prófaskrá Hagstofunnar þegar hann var 16 og lauk hann stuttu starfsnámi (tafla 4). Langstærsti hópurinn útskrifast í fyrsta skiptið við 20 ára aldur, sem fer saman við lengd náms til stúdentsprófs og ýmiss lengra starfsnáms (mynd 2).

Tafla 4. Fyrsta brautskráning heyrnarskertra nemenda í prófaskrá

Ár	Alls	Karlar	Konur
Alls	45	18	27
16 ára	1	1	–
17 ára	–	–	–
18 ára	3	–	3
19 ára	2	–	2
20 ára	16	8	8
21 árs	7	1	6
22 ára	11	5	6
23 ára	5	3	2
24 ára	–	–	–

Mynd 2. Fyrsta brautskráning heyrnarkertra nemenda í prófaskrá (uppsafnað hlutfall brautskráðra)



Hverjir hafa lokið framhaldsskólastiginu?

Ekki telst allt nám á framhaldsskólastigi með í skilgreiningu á menntunarstöðu

Að ljúka námi á framhaldsskólastigi er ekki það sama og að teljast hafa lokið framhaldsskólastiginu þegar menntunarstaða einstaklings er metin. Verið getur að námsleiðin teljist of stutt til þess að útskrift geti talist til námsloka á framhaldsskólastigi þegar menntunarstaða er ákvörðuð. Almennt gildir að við námslok af bóknámsleiðum sem veita aðgang að háskólastigi teljist framhaldsskólastigi vera lokið. Styttri námsleiðir í starfsnámi þykja of stuttar til þess að geta talist til námsloka á framhaldsskólastigi þegar menntunarstaða er metin. Í alþjóðlegum samanburði á menntunarstöðu eru því undanskildar þær námsleiðir í starfsnámi á framhaldsskólastigi sem eru meira en einu ári styttri en námsleiðir til stúdentsprófs í viðkomandi landi. Miðað við fjögurra ára nám til stúdentsprófs hér á landi telst framhaldsskólastigi því ekki lokið eftir námslok af starfsnámsleiðum sem eru styttri en þrjú ár, þegar menntunarstaða er mæld.

Alls hafa 64,6% hópsins lokið framhaldsskólastiginu

Alls höfðu 42 nemendur í þessum hópi lokið námi á framhaldsskólastigi, sem var a.m.k. þrjú ár að lengd (tafla 5) eða 64,6% hópsins. Þetta er hærri tala en í 1982 árganginum, þar sem 58,3% höfðu lokið framhaldsskólastiginu. Mun fleiri konur en karlar hafa lokið framhaldsskólastiginu. Þannig hafa 69,4% kvenna lokið framhaldsskólastiginu en 58,6% karla. Þeir þrír nemendur sem höfðu útskrifast en hafa ekki lokið framhaldsskólastiginu höfðu lokið stuttu starfsnámi eða starfsbraut fyrir fatlaða. Þar af hafði einn lokið námi sem veitir starfsréttindi.

Tafla 5. Heyrnarskertir nemendur sem hafa lokið framhaldsskólastigi við 24 ára aldur

Prófgráða	Alls	Karlar	Konur
Lokið framhaldsskólastigi alls	42	17	25
Hæfnispróf	3	2	1
Réttindapróf verkgreina	–	–	–
Burtfararpróf úr iðn	1	1	–
Sveinspróf úr iðn	5	3	2
Stúdentspróf starfsgreina	–	–	–
Stúdentspróf almennt	33	11	22

Skýringar: Þessir nemendur teljast hafa lokið framhaldsskólastiginu samkvæmt skilgreiningu á menntunarstöðu.

Rúmur helmingur hefur lokið stúdentsprófi

Hæsta próf sem nemendur hafa lokið


Prófum sem úrtakshópurinn hefur lokið er raðað eftir lengd náms og þeim réttindum sem það veitir. Grunnprófi á framhaldsskólastigi er raðað sem lægsta prófi og meistaragráðu í háskóla raðað efst.

Stúdentspróf er langalgengasta prófið sem árgangurinn 1982 hefur lokið, þegar hæsta próf er skoðað (mynd 3). Alls höfðu 33 lokið stúdentsprófi; þar af höfðu 8 lokið fyrstu háskólagráðu. Einn hefur lokið burtfararprófi úr iðn og fjórir hafa lokið sveinsprófi í iðngrein.

Tafla 6. Hæsta próf heyrnarskertra nemenda við 24 ára aldur samkvæmt prófaskrá

Prófgráða	Alls	Karlar	Konur
Alls	45	18	27
Grunnpróf á framhaldsskólastigi	–	–	–
Hæfnispróf	5	2	3
Réttindapróf verkgreina	1	1	–
Burtfararpróf úr iðn	1	1	–
Sveinspróf úr iðn	4	3	1
Stúdentspróf starfsgreina	–	–	–
Stúdentspróf almennt	25	11	14
Iðnmeistarapróf	1	–	1
Annað próf á viðbótarstigi	–	–	–
Próf á háskólastigi án háskólagráðu	–	–	–
Fyrsta háskólagráða	8	–	8
Viðbótarnám eftir fyrstu háskólagráðu	–	–	–
Meistaragráða	–	–	–

Mynd 3. Hæsta próf heyrnarskertra nemenda við 24 ára aldur samkvæmt prófaskrá



Brottfallshópurinn


17 hafa stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla en ekki útskrifast

Í hópnum eru 17 einstaklingar sem hafa verið skráðir í nám á Íslandi að loknum grunnskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands en ekki lokið námi. Það er rúmur fjórðungur hópsins, eða 26,2%. Einn nemandi brautskráðist í fyrsta sinn 26 ára og telst því vera brottfallinn samkvæmt þeim skilgreiningum sem hér er unnið með.

3 nemendur voru enn í námi við 24 ára aldur

Eins og sjá má á mynd 4 og töflu 7 voru þrír einstaklingar enn í námi við 24 ára aldur, eða 4,6% úttektarhópsins. Tveir voru í námi á almennri braut og einn í starfsnámi. Í töflu 8 í viðauka má sjá fjölda nemenda sem skráðir eru í nemendaskrá Hagstofu Íslands eftir aldri og ári, einnig eftir 24 ára aldur. Þar má sjá að sumir þessara nemenda eru enn í námi komnir að þrítugu. Meirihluti nemenda sem hefur hætt námi hefur hætt á framhaldsskólaaldri, flestir við 18 ára aldur.

Mynd 4. Síðasta námsár brottfallsnema í nemendaskrá eftir aldri nemenda



Tafla 7. Síðasta námsár brottfallsnema í nemendaskrá eftir aldri nemenda

Aldur	Alls	Karlar	Konur
Alls	17	11	6
16	3	3	–
17	2	2	–
18	5	4	1
19	2	–	2
20	1	1	–
21	–	–	–
22	–	–	–
23	1	–	1
24	3	1	2

Skýringar: Þrír nemendur hafa ekki stundað nám á Íslandi fyrir 25 ára aldur.